
Sýning á ljósmyndum Gunnars Hannessonar



Nú stendur yfir að Kjarvalsstöðum yfirlitssýning á ljósmyndum Gunnars Hannessonar ljósmyndara, en hann lést sem kunnugt er sl. sumar. Þarna eru sýndar 121 litljósmynd, en Gunnar tók sem kunnugt er aldrei annað en litmyndir.

Sýningin verður opin daglega fram til 28. september nk.

Tvær bækur hafa verið gefnar út með ljósmyndum Gunnars Hannessonar eingöngu, Reykjavíkurbók 1974 og Vatnajökulsbók 1975. Auk þess hélt Gunnar margar sýningar á myndum sínum ma. í Nikkonhúsinu í New York en þar sýna ekki aðrir en fremstu ljósmyndarar.

— S.dór.

Hjörtur Hjartar að hætta hjá SÍS

Hjörtur Hjartar mun að eigin ósk láta af störfum sem framkvæmdastjóri Skipadeildar Sambandsins um næstkomandi áramót. Hjörtur hóf störf hjá Kaupfélagi Dýrfirðinga árið 1931. Hann var í 15 ár kaupfélagsstjóri á Flateyri og á Siglufirði, áður en hann var ráðinn framkvæmdastjóri Skipadeildarinnar. Hjörtur hefur nú gegnt því starfi í 25 ár. Hjörtur varð kaupfélagsstjóri tvítugur að aldri og hefur þannig haft með höndum framkvæmdastjórastörf á vegum samvinnuhreyfingarinnar í 40 ár. Hann verður 60 ára 9. janúar næstkomandi.

Tjarnar-lista-maðurinn í SÚM

Í dag kl. 16 opnar Gunnar Geir sýningu á verðbólgumyndlist í Galerie SÚM við Vatnsstíg. Höfuðefni myndanna er hagvöxturinn og það sem honum fylgir. Gunnar Geir hefur meðal annars vakið athygli fyrir fljótandi listaverk sem hann sýndi á Tjörninni í fyrrahaust.

útvarp

7.00 **Morgunútvarp.** Veðurfregnir kl. 7.00, 8.15 og 10.10 Fréttir kl. 7.30, 8.15 (og forustugr. dagbl.), 9.00 og 10.00. **Morgunbæn kl. 7.55. Morgunstund barnanna** kl. 8.45: Sigurður Gunnarsson heldur áfram sögu sinni „Frændi segir frá" (18). **Íslensk tónlist** kl. 10.25: Þorvaldur Steingrímsson og Ólafur Vignir Albertsson leika tvær rómönsur fyrir fiðlu og píanó eftir Árna Björnsson / Sigurður Ingvi Snorrason og Guðrún Kristinsdóttir leika Sónötu fyrir klarinettu og píanó eftir Jón Þórarinsson / Jón Sigurbjörnsson, Pétur Þorvaldsson og Halldór Haraldsson leika Smátríó eftir Leif Þórarinsson. **Morguntónleikar** kl. 11.00: Jussi Björling og Birgit Nilsson syngja lög eftir Sibelius, Alfvén, Rangström og fleiri. Hljómsveit undir stjórn Pers Lundquists leikur tónlist eftir Peterson-Berger / Stig Ribbing leikur píanótónlist eftir Sjögren, Sibelius, Sæverud og Erik Tarp.
13.00 Við vinnuna: Tónleikar.
14.30 **Miðdegissagan: „Grænn varstu, dalur" eftir Richard Llewelyn.** Ólafur Jóh. Sigurðsson íslenskaði. Óskar Halldórsson les (9).
15.00 **Miðegistónleikar.** Í Solisti di Milano leika Kammerkonsert nr. 1 í D-dúr eftir Benedetto Marcello; Angelo Ephrikian stjórnar. Gino Gorini og Sergio Lorenzi leika fjórhent Pianósónötu í C-dúr op. 14 nr. 1 eftir Muzio Clementi. Andreas Röhn og Enska kammersveitin leika Fiðlukonsert nr. 24 í h-moll eftir Giovanni Battista Viotti; Charles Mackerras stjórnar. Paul de Winter, Maurice van Gijsel og Kammersveitin í Brüssel leika Konsert í G-dúr fyrir flautu, óbó og strengjasveit eftir Joseph Haydn; Georges Maes stjórnar.
16.00 Fréttir. Tilkynningar. (16.15 Veðurfregnir).
16.20 **Popphorn.**
17.30 **Sagan: „Sautjánda sumar Patricks" eftir K. M. Peyton.** Silja Aðalsteinsdóttir les þýðingu sína (6).
18.00 Tónleikar. Tilkynningar.
18.45 Veðurfregnir. Dagskrá kvöldsins.
19.00 **Fréttir. Fréttaauki.** Tilkynningar.
19.35 **Sumarið '76.** Jón Björgvinsson sér um þáttinn.
20.00 **Lög unga fólksins.** Sverrir Sverrisson kynnir.
21.00 **Um endurhæfingu og bæklunarlækningar.** Umsjónarmenn: Gísli Helgason og Andrea Þórðardóttir. Lesarar með þeim: Dagur Brynjólfsson og dr. Björn Sigfússon.
22.00 Fréttir.
22.15 **Veðurfregnir. Kvöldsagan: Ævisaga Sigurðar Ingjaldssonar frá Balaskarði.** Indriði G. Þorsteinsson rithöfundur les (12).
22.40 **Harmonikulög.** Guðjón Matthíasson og Harry Jóhannesson leika.
23.00 **Á hljóðbergi.** Claire Bloom les þrjár enskar þjóðsögur, Tamlane, The Midnight Hunt og The Black Bull of Norroway.
23.30 Fréttir. Dagskrárlok.

sjónvarp

20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Auglýsingar og dagskrá.**
20.40 **Vopnabúnaður heimsins.** Sænskur fræðslumyndaflokkur um vígbúnaðarkapphlaup og vopnaframleiðslu í heiminum. 5. og næstsíðasti þáttur. Afkoma sænskra vopnaverksmiðja byggist að verulegu leyti á því, að unnt sé að selja framleiðsluna á erlendum markaði, og oftast nær er það vandalaust. En þessi útflutningur vekur ýmsar samviskuspurningar, og í þættinum er leitað svara við þeim. Þýðandi og þulur Gylfi Pálsson.
21.30 **Columbo.** Bandarískur sakamálamyndaflokkur. **Bíræfinn bókaútgefandi.** Þýðandi Jón Thor Haraldsson
22.45 **Dagskrárlok.**



DANSSKÓLI Heiðars ÁSTVALDSSONAR

20 ára



Innritun daglega frá kl. 10-12 og 1-7.

Reykjavík
Brautarholt 4 símar 20345 og 24959
Drafnarfell 4 (Breiðholti) sími 74444

Kópavogur.
Félagsheimilið sími 38126

Hafnarfjörður.
Góðtemplarahúsið sími 38126

Seltjarnarnes
Innritun auglýst síðar.

Keflavík
Innritun auglýst síðar.

Unglingar.
Allir nýjustu táningadansararnir — svo sem Bus stop, Disco stretch, Footstomper, Cleveland continental, Rubi reddress, Crazy fever, Taca-tu, Sing sing, Boogie og margir fleiri. Einnig Rock og Tjútt.

DANSKENNARASAMBAND ÍSLANDS D S Í

Járnsmiðir

Viljum ráða nú þegar plötusmiði og rafsuðumenn.

Landsmiðjan.

Landssmiðjan

Blikkiðjan Ásgarði 7, Garðahreppi

Önnumst þakrennusmíði og uppsetningu — ennfremur hverskonar blikksmíði. Gerum föst verðtilboð.

SÍMI 53468

Nótur í miklu úrvali

NÓTUR OG SKÓLAR f. gítar, fiðlu, lágfiðlu, selló, kontra-bassa, píanó, orgel, harmoniku, óbó, fagott, klarinett, horn, trompet, básúnu, flautu, túbu og jazztrommer. Nótur Albúm eftir gömlu meistarana í miklu úrvali. Mjög hagstætt verð.

Erlend tímarit, Hverfisgata 50 v/Vatnsstíg 2 hæð s. 28035.